

Mál nr. 430/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Atvinnurekandi: A

Skaðsemisábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot dags. 21. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram M hafi þann 27. nóvember 2019 verið að fara niður af gám þegar hnoð í stiga gáfu sig og M hafi fallið til jarðar. Nánar tiltekið hafi M verið að vinna við almennt viðhald, viðgerðir og nýsmíði þegar stiginn/tröppurnar sem hann notaði til að komast niður af gám, sem var 2,5 metrar á hæð, gaf sig og olli því að M féll harkalega til jarðar og slasaðist. A sé dreifingaraðili stigans sem hafi verið nýlegur á slysdegi og ekkert hafi bent til þess að hann hafi ekki verið í lagi. M telur óumdeilt að hnoðin hafi gefið sig þegar M stóð í þeim og því sé augljóst að stiginn hafi verið gallaður. A sé framleiðandi stigans í skilningi laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 og bótagrundvöllur samkvæmt lögnum sé hlutlægur.

Í bréfi V kemur fram að M hafi ekki sýnt fram á að stiginn hafi verið gallaður í skilningi 1. mgr. 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 eða skilmála tryggingarinnar. M beri sönnunarbyrði fyrir því en fullyrðingin sé ekki studd neinum gögnum. Fram kemur að samkvæmt upplýsingum A hafi B, vinnuveitandi M, keypt stigann árið 2017 og hafi stiginn því verið í notkun í rúm 2 ár þegar slysið varð. M hafi notað stigann til að komast upp á gám sem er 2,5 m hár en efsta þrep stigans sé í 1,95 m hæð. M hafi því líklega þurft að stökkva niður þessa 55 cm sem munar um hæð gámsins og efstu tröppu stigans og stiginn gefið sig við höggið. A hafi selt mikinn fjölda af samsvarandi stigum án þess að fá kvartanir.

Álit.

Ágreiningur málsaðila snýr að því hvort stiginn í málinu sé haldinn ágalla í skilningi 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. Í ákvæðinu kemur fram að vara teljist haldin ágalla þegar hún er ekki svo örugg sem með réttur mátti vænta eftir öllum aðstæðum, einkum því hvernig hún er kynnt, notkun sem með sanngirni má gera ráð fyrir og hvenær vöru er dreift. Það liggur ekki fyrir mat á því hvort stiginn hafi verið haldinn ágalla og hvor málsaðili hefur sínar skýringar á því hvers vegna stiginn gaf sig. M telur stigann hafa gefið sig þegar hnoð hafi gefið sig en V telur stigann hafa gefið sig við högg þegar M hafi mögulega stokkið niður af gáminum á stigann. Sönnunarbyrði um það að stiginn hafi verið haldinn ágalla hvílir á M. Af framlögðum gögnum verður ekki ráðið vegna hvers stiginn gaf sig og verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Í því samhengi skiptir ekki máli hvort stiginn var keyptur árið 2017 eða 2019. Það telst því ekki sannað að stiginn hafi verið haldinn ágalla eins og M heldur fram. Með vísan til þess hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð vegna tjónsins og M á því ekki rétt á bótum hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir